

Mánudaginn 10. nóvember 1969.

Nr. 63/1969. **Ásdís Ástþórsdóttir**
 (Benedikt Blöndal hrl.)
 og **Helgi Scheving** (enginn)
 gegn
Útvegsbanka Íslands
 (Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávisun. Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1969. Þeir áfrýjuðu málinu upphaflega með stefnu 31. janúar 1968, en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. marz 1969. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti til munnlegs flutnings hinn 7. þ. m., var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda Helga Schevings, en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 30. júní 1969, og fellur mál hans því niður.

Áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að synjað verði staðfestingar löghaldsgerðar. Hún krefst þess og, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaðadóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr höndum áfrýjanda.

Afrýjendur gengu í hjónaband hinn 6. maí 1961. Með kaupmála 4. s. m. varð íbúð á 4. hæð í húsinu nr. 153 við Hvassaleiti í Reykjavík séreign áfrýjanda Ásdísar Ástþórsdóttur svo og arður af íbúðinni og það, sem kynni að verða keypt fyrir andvirði íbúðarinnar. Samkvæmt skattframtali áfrýjanda Helga Schevings var íbúð þessi seld árið 1968 á nauðungaruppboði „til lúkningar ábyrgðarskuldbindinum vegna Yls h/f, Sauðárkróki, en það félag varð gjaldþrota 1967, og gekk allt andvirðið kr. 1.250.000.00 til greiðslu á þeim“. Samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 7. marz 1967,

seldi bæjarstjórn Sauðárkróks áfrýjanda Helga Scheving á leigu lóðina nr. 9 við Smáragrund, Sauðárkróki. Leigutaka var heimilt að selja rétt sinn til lóðarinnar. Hann framseldi áfrýjanda Ásdísi Ástþórsdóttur leiguréttinn hinn 3. apríl 1967, og var lóðarleigusamningnum ásamt framsalinu þinglýst. Fokhelt íbúðarhús var síðan byggt á lóðinni.

Hinn 30. ágúst 1967 var að kröfu stefnda gert lögghald í greindri fasteign, Smáragrund 9, til tryggingar vixilskuld áfrýjanda Helga Schevings að fjárhæð kr. 68.000.00, vöxtum og kostnaði. Staðfestingarmál var síðan höfðað og dómur kveðinn upp á bæjarþingi Sauðárkróks hinn 31. október 1967. Samkvæmt kröfu stefnda var gert fjárnám eftir hér- aðsdómi í fasteigninni Smáragrund 9 hinn 9. janúar 1968.

Áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir reisir kröfur sínar á því, að greind fasteign hafi verið séreign hennar eða a. m. k. hjúskapareign, þegar nefndar dómsathafnir fóru fram, þar sem eignin sé reist fyrir arð af fasteign hennar að Hvassaleiti 153 í Reykjavík. Stefndi telur með öllu ósannað, að þessum arði hafi verið varið til byggingar hússins að Smáragrund 9.

Af hálfu áfrýjenda hefur þess ekki verið freistað að gera fullnægjandi grein fyrir þeim fjármunum, sem varið var til að reisa húsið að Smáragrund 9. Sjálf hafa þau ekki komið fyrir dóm til að gefa glöggar skýrslur um það efni, eins og þeim bar, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Er málið því svo vanreifað af þeirra hálfu, að vísa ber því frá Hæstarétti.

Áfrýjendur greiði óskipt stefnda kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands, óskipt kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 31. október 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 31. október, var á bæjarþingi Sauðárkróks, sem haldið var í skrifstofu bæjarfógeta að Viðigrund 5 og haldið af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 22/1967: Útvegsbanki Íslands gegn Yl h/f og Helga Scheving og til réttargæzlu Ásdísi Ástþórsdóttur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Útvegsbanka Íslands, Akureyri, með stefnu, útgefinni 6. f. m, gegn Yl h/f, Sauðárkróki, og Helga Scheving forstjóra, Hólavegi 9, Sauðárkróki, til greiðslu víxils og til staðfestingar á lögghaldsgerð. Enn fremur er málið höfðað gegn frú Ásdísi Ástþórsdóttur, Hólavegi 9, Sauðárkróki, til réttargæzlu, en engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar á hendur henni.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hann hafi þann 12. janúar 1967 keypt af stefndu víxil að fjárhæð kr. 68.000.00, til framlengingar á eldra víxli. Víxill þessi var samþykktur af stefnda Yl h/f og útgefinn 10. janúar 1967 af stefnda Helga Scheving og ábektur af honum. Greiðslustaður víxilsins var í Útvegsbanka Íslands, Akureyri. Er víxillinn var eigi greiddur á gjalddaga 10. júlí 1967, var hann afsagður 12. s. m. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu Ylur h/f og Helgi Scheving verði in solidum dæmdir til að greiða honum víxilfjárhæðina, kr. 68.000.00, með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. júlí 1967 til greiðsludags, kr. 200.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins, þar í innifalið ferðakostnaður og dagpeningar. Þann 30. ágúst s.l. var að kröfu stefnanda gert lögghald í íbúðarhúsinu nr. 9 við Smáragrund á Sauðárkróki til tryggingar framangreindri kröfu auk kostnaðar við gerðina, staðfestingarmál og eftirfarandi fjárnám og uppboð, ef til kæmi, en hús þetta er talið eign frú Ásdísar Ástþórsdóttur, sem er réttargæzlustefnd og eiginkona stefnda Helga Schevings. Er lögghaldsgerðin fór fram, var hvorugt þeirra hjóna á Sauðárkróki, og var þeim því skipaður réttargæzlumaður við gerðina. Við eftirgrennslan við gerðina fannst enginn kaupmáli milli þeirra hjóna, hvorki við þetta embætti né borgarfógetaembættið í Reykjavík. Stefnandi gerir þær kröfur auk þeirra, er áður greinir, að framangreint lögghald frá 30. ágúst s.l. verði með dómi viðurkennt til tryggingar dæmdum kröfum.

Mál þetta var þingfest 8. f. m. og þá veittur frestur handa

stefndu til 25. s. m. Er málið þá var tekið fyrir, var af hálfu stefndu lagt fram ljósrit af kaupmála milli þeirra hjóna, Helga Schevings og Ásdísar Ástþórsdóttur, dags. 4. maí 1961, gerður í Reykjavík fyrir hjúskap og tilkynntur til borgarfégeta þar 6. s. m. Engin önnur gögn voru þá lögð fram af hálfu stefndu. Var þá af þeirra hálfu beðið um frest til frekari gagnaöflunar, en þeirri frestbeiðni var neitað af hálfu stefnanda. Ágreiningsatriði þetta var tekið til úrskurðar í sama þinghaldi og úrskurður um það kveðinn upp 28. s. m. á þá lund, að umbeðinn frestur skyldi eigi veittur.

Málið var síðan tekið til flutnings 16. þ. m. og dómtekið sama dag. Í þessu þinghaldi sýndi lögmaður stefndu verkсамning milli Gunnars M. Sigurðssonar trésmiðs, Sauðárkróki, og réttargæzlu-stefnda, Ásdísar Ástþórsdóttur, dags. 1. maí s.l., þar sem nefndur Gunnar tekur að sér að reisa fyrir hana íbúðarhús að Smáragrund 9 hér í bæ. Enn fremur sýndi sami lögmaður kvittun Búnaðar-banka Íslands, dags. 10. júlí s.l., fyrir greiðslu Ástþórs Matthías-sonar á kr. 100.000.00 inn í ávísanareikning stefnda Helga Schev-ings í útibúi bankans á Sauðárkróki. Loks sýndi sami lögmaður ljósrit af tékka á Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, fyrir kr. 60.000.00 til stefnda Helga Schevings, útgefins 3. júní s.l. af Ástþóri Matthíassyni.

Í málflutningi hefur af hálfu stefnda verið mótmælt öllum kröfum stefnanda og sýknu krafizt til handa stefndu. Þá er og krafizt greiðslu dagpeninga 3 daga handa lögmanni stefnda og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins svo og ferðakostnaðar, kr. 1.560.00, og uppihaldskostnaðar samkvæmt reikningi fyrir sömu 3 daga, 14.—16. október 1967.

Víxill sá, sem mál þetta er af risið og grein er gerð fyrir hér að framan, hefur verið lagður fram í frumriti með áritaðri af-sögn. Ber því að taka til greina kröfur stefnanda og dæma stefndu, Yl h/f og Helga Scheving, in solidum til þess að greiða víxilkröfuna, kr. 68.000.00, með vöxtum og afsagnarkostnaði, eins og krafizt er, svo og málskostnað.

Hvað varðar kröfu stefnanda um staðfestingu löghalds þess í húseigninni nr. 9 við Smáragrund hér í bæ, er fram fór 30. ágúst s.l., til tryggingar dómkröfum stefnanda, er tekið fram eftirfar-andi:

Komið hefur í ljós, eins og áður greinir, að hjónin stefndi Helgi Scheving og réttargæzlustefndi, Ásdís Munda Ástþórsdóttir, hafa þann 4. maí 1961 gert með sér kaupmála fyrir hjúskap, og hefur

málinn verið tilkynntur borgarfégetaembættinu í Reykjavík 6. s. m. Er þar svo ákveðið, að íbúð Ásdísar Mundu á 4. hæð í húsinu nr. 153 við Hvassaleiti í Reykjavík skuli vera séreign hennar svo og innanstokksmunir, sem þau þá áttu, taldir að verðmæti kr. 28.000.00, og enn fremur allir aðrir innanstokksmunir, er þau kunni að eignast síðar. Einnig skyldi vera séreign hennar lögur, er til hennar kynni að falla, bréfarfur, ánafr-aður henni, og persónulegar gjafir. Þá er og tekið fram, að arður af íbúðinni og það, sem fyrir andvirði hennar kynni að verða keypt, skuli vera séreign konunnar.

Eigi verður talið sannað, að húseignin nr. 9 við Smáragrund á Sauðárkróki, er um ræðir í máli þessu, geti talizt séreign réttargæzlustefnda, Ásdísar Mundu Ástþórsdóttur, sbr. 3. tl. 23. gr. laga nr. 20/1923, og eigi hefur eignin heldur verið gerð að séreign hennar með kaupmála samkvæmt 29. gr. sömu laga. Gögn þau, er af hálfu stefndu voru sýnd í dómi 16. þ. m. og um getur hér að framan, veita eigi sönnun fyrir hinu gagnstæða og breyta því engu hér um. Þess má geta, að í flutningi málsins var á það bent af lögmanni stefnanda, að stefndi Helgi Scheving hafi 9. marz 1967 fengið á sitt nafn byggingarleyfi fyrir umræddu húsi að Smáragrund 9, en hann síðan framselt lóðarréttindin 3. apríl s. á. konu sinni, réttargæzlustefnda Ásdísi Mundu Ástþórsdóttur, án þess að séð verði, að hann hafi haft samþykki bæjaryfirvalda til þess.

Með vísun til framanritaðs þykir rétt að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu löghaldsins frá 30. ágúst s.l. í húseigninni nr. 9 við Smáragrund hér í bæ til tryggingar téðum kröfum.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir rétt að dæma stefndu, Yl h/f og Helga Scheving, til þess in solidum að þola dóm til greiðslu á kröfum stefnanda að öllu leyti.

Málskostnaður þykir samkvæmt framlögðum málskostnaðar- reikningi hæfilega ákveðinn kr. 22.784.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms í máli þessu, og stafar hann af miklu annríki dómarsins.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndu, Ylur h/f og Helgi Scheving, greiði in solidum stefnanda, Útvegsbanka Íslands, kr. 68.000.00 með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. júlí 1967

til greiðsludags, kr. 200.00 í afsagnarkostnað og kr. 22.784.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Sauðárkróks 9. janúar 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 9. janúar, var fógetadómur Sauðárkróks settur að Hólavegi 9, framhaldið að Smáragrund 9 og loks í skrifstofu fógeta að Víðigrund 5 og haldinn af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið nr. 1/1968: Útvegsbanki Íslands gegn Yl h/f o. fl.

Fógeti lagði fram nr. 1—2 beiðni um fjárnám og endurrit af dómi, svohljóðandi (Fylgir í ljósriti).

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Árni Þorbjörnsson héraðsdómslögmaður.

Að tilhlutan fógeta sækir þing Sigurgeir Þórarinnsson skrifstofumaður til þess að gæta réttar gerðarpola, sem hefur engan í fyrirsvári hér á staðnum, svo að vitað sé.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms í húseigninni nr. 9 við Smáragrund, Sauðárkróki, til tryggingar dómkröfunni, kr. 68.000.00, með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. júlí 1967 til greiðsludags, kr. 200.00 í afsagnarkostnað og kr. 22.784.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Mætti fyrir gerðarpola hreyfir eigi andmælum gegn framgangi gerðarinnar.

Lýsti fógeti þá yfir því, að fjárnám væri hér með gert í téðri eign, húsinu nr. 9 við Smáragrund hér í bæ, til tryggingar framangreindum kröfum.

Fallið er frá virðingu eignarinnar.

Brýndi fógeti þýðingu gerðarinnar fyrir mætta vegna gerðarpola og fól honum að tilkynna þeim um framgang gerðarinnar.

Löghaldsgerð fógetadóms Sauðárkróks 30. ágúst 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 30. ágúst, var fógetadómur Sauðárkróks settur í skrifstofu embættisins að Víðigrund 5 og haldinn af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetadómsmálið nr. 25/1967: Útvegsbanki Íslands gegn Yl h/f og Helga Scheving.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram: nr. 1 löghaldsbeiðni, nr. 2 víxil. Skjölin eru svohljóðandi:

Að tilhlutun fógeta sækir þing Sigurgeir Þórarinsson skrifstofumaður til réttargæzlu fyrir gerðarþola, sem eru fjarverandi.

Dómurinn var fluttur að Hólavegi 9 og síðan að Smáragrund 9 og það hús, sem er í smíðum, skoðað. Síðan var dómurinn aftur fluttur í skrifstofu embættisins. Þess skal getið, að á Hólavegi 9 var enginn staddur og húsið læst.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst löghalds í húsinu nr. 9 við Smáragrund hér í bæ, sem talið er eign eiginkonu gerðarþola Helga Schevings Karlssonar, til tryggingar víxilfjárhæð, kr. 68.000.00, auk afsagnarkostnaðar, kr. 200.00, 1% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. júlí 1967 til greiðsludags með málskostnaði og öðrum kostnaði við gerð þessa og staðfestingarmáli og eftirfarandi fjárnámi og uppboði, ef til kemur.

Tryggingar vegna gerðarinnar verður eigi krafizt samkvæmt lögum.

Það er tekið fram, að meðan á gerðinni stóð, var leitað upplýsinga um það, hvort til væri kaupmáli milli þeirra hjóna, gerðarþola Helga Schevings Karlssonar og konu hans, Ásdísar Ástþórsdóttur. En eigi var um slíkt að ræða, hvorki við þetta embætti né borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Fógeti lýsti löghaldi í framangreindri húseign nr. 9 við Smáragrund til tryggingar téðum kröfum.

Brýndi fógeti þýðingu gerðarinnar fyrir réttargæzlumanni gerðarþola.
